



**427. fundur Þingvallanefndar
27. september 2016**

Fundur haldinn í færeyska herberginu í Alþingishúsinu þriðjudaginn 27. september. Mættir voru Sigrún Magnúsdóttir formaður, Birgir Ármannsson, Oddný Harðardóttir, Svandís Svavarsdóttir og Haraldur Einarsson.

Fundinn sátu einnig Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður og Hrefna Jónsdóttir sérfræðingur sem ritaði fundargerð.

Lilja Jónasdóttir lögfræðingur sat einnig fundinn.

Formaður setti fund og stýrði:

1. Forkaupsréttur að húsagrunni, Valhallarstígur nyrðri nr. 7.
Þingvallanefnd samþykkir af falla frá forkaupsrétti sínum.
Samþykkt af Sigrúnu, Birgi og Harald.

Oddný og Svandís lýsa sig andvígur þessari niðurstöðu og óska eftir að koma með bókun á næsta fundi varðandi málið.

2. Kaupsamningur vegna Neðristígs 7 hefur verið lagður fyrir nefndina og er óskað eftir að ÞVN falli frá forkaupsrétti.
Þingvallanefnd samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum og heimila framsal lóðarleiguréttinda til nýrra eigenda.
Svandís og Oddný sitja hjá við þessa afgreiðslu.

3. Önnur mál

Erindi um veitingahús við Gjábakka sent nefndinni. Ákveðið að fresta til næsta fundar.

Ákveðið að halda stuttan fund mánudaginn 3. október í hádeginu.

Fleira ekki gert og fundi slitið 12:35.